

## Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2018 voru alls rúmlega 10 þúsund óvænt atvik skráð í íslenskri heilbrigðisþjónustu eða svipaður fjöldi og árið 2017, þó heldur fleiri.

Með óvæntu atviki er átt við óhappatívilik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu er tilgangurinn með skráningu óvæntra atvika sá að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Í ljósi þess ítrekar Embætti landlæknis hversu mikilvæg atvikaskráning er og einnig hversu brýnt er að allra leiða sé leitað til að koma í veg fyrir að óvænt atvik eigi sér stað.

Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu eru byltur/föll, eða alls 5348 talsins. Önnur algeng skráð atvik eru atvik tengd lyfjameðferð, eða samtals 1407 talsins á landsvísu. Í töflunni hér að neðan sést heildarfjöldi atvika, annars vegar á öllum heilbrigðisstofnunum nema Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri og hins vegar á þessum tveimur sjúkrahúsum. Samkvæmt þessum tölum eru byltur/föll rúmlega 52% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2018. Í tölunum kemur einnig fram að atvik tengd lyfjameðferð eru tæplega 14% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2018.

<b>Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum árið 2018 <i>Reported incidents in all health care facilities in 2018</i></b>	
Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK) <i>All health care facilities (except LSH and SAK)</i>	5.354
Landspítali (LSH) <i>Landspítali University Hospital</i>	4.317
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) <i>Akureyri Hospital</i>	588
<b>Samtals Total</b>	<b>10.259</b>